

Snjómokstur og hálkueyðing

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi. Snjómokstri og hálkueyðingu er stjórnað af Dalabyggð og Vegagerðinni.

Utan Búðardals:

Vegagerðin moka Vestfjarðaveg (60) daglega og Skógarstrandarveg (54), Heydalsveg (55) og Laxárdalsveg (59) tvisvar í viku (á mánudögum og föstudögum).

Vegagerðin, í samráði við bæjarverkstjóra/sveitarstjóra Dalabyggðar moka helmingamokstursvegi allt að þrisvar í viku, t.d. Klofningsveg, Haukadalsveg o.fl.

Þessir vegir eru mokaðir samkvæmt samkomulegi við Vegagerðina og sér hún um framkvæmdina.

Komi til að moka þurfi helmingamokstursvegi oftast en þrisvar í viku, verður að liggja fyrir samþykki Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar á mót Dalabyggð. Vegagerðin sér um þann mokstur að viðhöfðu samráði við bæjarverkstjóra/sveitarstjóra.

Miða skal við að auki að moka akstursleiðir skólabíla. Séu heimreiðar mokaðar samhliða verður ekki um annan heimreiðamokstur að ræða.

Ef þörf er á eru heimreiðar að bæjum þar sem er föst búseta, mokaðar án endurgjalds að hámarki tvisvar á almanaksárinu og skulu ábúendur hafa samband við bæjarverkstjóra/sveitarstjóra sé moksturs óskað. Að öðru leyti eru heimreiðar að bæjum mokaðar gegn greiðslu sem nemur 1 klst. (maður + vél + skattur = gjald mismunandi eftir tæki).

Búðardalur:

Vegagerðin sér um mokstur Vesturbrautar (Vestfjarðavegar) en Dalabyggð sér um annan snjómokstur gatna í Búðardal og aðkomuleiða/bílastæða við Auðarskóla, slökkvistöð og stjórnarsýsluhús. Mokstur vegna öryrkja og aldraðra er aðeins framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.

Dalabyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis að undanskildu, ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, lækni eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðarflutninga, skal þá strax sinna því.

Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis bæjarverkstjóra.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 17. febrúar 2015

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri